

ÁRSSKÝRSLA 2020



**NÁTTÚRUSTOFA
AUSTURLANDS**

EFNISYFIRLIT

Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir,
Guðrún Óskarsdóttir, Halldór Walter Stefánsson,
Hálf dán Helgi Helgason, Kristín Ágústsdóttir, Rán
Pórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Hönnun og umbrot: Áslaug Lárusdóttir

Ljósmyndir: Starfsfólk Náttúrustofu Austurlands

Ljósmynd á forsiðu: Kristín Ágústsdóttir

Formáli	1
Um Náttúrustofuna.....	2
Starfsfólk og stjórn.....	3
Hreindýr.....	5
Umhverfisvöktun.....	7
Gróður.....	8
Fuglar.....	9
Fiðrildi og fuglaskoðun.....	12
Fræðsla.....	13
Rannsóknastyrkir.....	14
Stiklur úr starfsemi	16
Fjármál.....	19
Ritlisti.....	20
Erindi og veggspjöld.....	21

FORMÁLI



Þrátt fyrir óvenjulegt ár í heimssögunni var starfsár Náttúrustofunnar nokkuð hefðbundið. Það einkenndist af töluverðu annríki, fjölbreyttum verkefnum og mikilli útvinnu yfir sumarið og langt fram á haust. Hreindýrarannsóknir og rannsóknir á fuglum og gróðri voru fyrirferðarmiklar, en einnig rannsóknir á smádýralífi í sjó og úttekt á ástandi verndarsvæða og fjölsótttra ferðamannastaða.

Mesta breytingin á starfsemi fólst í því að verulega dró úr ferðalögum vegna fundahalda, sem var löngu tímabær breyting og kærkominn tímasparnaður, svo ekki sé nú talað um betra kolefnispor og fjármuni sem spöruðust. Það var í raun bylting fyrir landsbyggðina þegar landsmenn, og reyndar heimurinn allur, hröðuðu sér skyndilega í gegnum stafrænu samskiptabyltinguna. Það hefur reynst dýrmætt að eiga kost á að sækja ráðstefnur, fundi og aðra viðburði í gegnum netið og hefur aðgengi okkar að fjölbreyttu efni aukist til muna fyrir vikið, bæði innanlands og erlendis.

Auðvelt reyndist að bregðast við ákallinu „vertu heima ef þú getur - fyrir heilbrigðisstarfsfólk“ og færa vinnuna heim á vormánuðum, enda vinnustaðurinn löngu búin að færa öll gögn og vinnslu í ský.

Starfsmönnum fækkaði úr tíu í átta á árinu. Tímabundin ráðning Hlyns Ármannssonar rann út í júlí og Elín Guðmundsdóttir fór í fæðingarorlof í apríl. Undir lok árs ákvað hún svo að flytjast búferlum á Suðurlandið og kveðja Náttúrustofuna. Það er ávallt eftirsjá í góðum starfsmönnum og eru þeim báðum færðar bestu þakkir fyrir samstarfið. Starfsmenn voru aldrei allir saman, en fóru saman í smáum hópum í ýmis konar vettvangsferðir.

Mörg spennandi verkefni voru unnin og er þeim flestum gerð skil í stuttu máli hér á eftir. Sum voru langtímaverkefni og eru unnin árlega. Önnur voru einskiptis verkefni, ef svo má segja, sem gjarnan voru unnin í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Á árinu hófust tvö vöktunarverkefni til þriggja ára; annars vegar vöktun á ástandi verndarsvæða og annarra svæða sem eru undir álagi ferðamanna og hins vegar vöktun á íslenska grágæsastofninum.

Í ársbyrjun lá fyrir að starfsstöð í Neskaupstað myndi flytja úr Búlandinu í Verkmenntaskóla Austurlands í skrifstofuklasa í Múlanum - Samvinnuhúsi, sem var í byggingu árið 2020. Fyrst stóð til að flutt yrði inn með haustinu, en þeim flutningum var frestað fram yfir áramótin 2020-2021. Ýmis konar undirbúningur tengdist þeim flutningum. Við hlökkum til sambýlis við þau fjölmörgu fyrirtæki og stofnanir sem hyggjast starfa í Múlanum. Sambýlingum okkar í Búlandinu, starfsfólki Verkmenntaskólans þökkum við kærlega skemmtilegt samstarf og samveru síðastliðin tuttugu ár.

Ég vil nota tækifærið og þakka ósérhlífnu og áhugasömu samstarfsfólki og stjórn ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu og hlakka til nýrra áskorana og verkefna. Jafnframt vil ég þakka öllum þeim sem hafa komið að störfum stofunnar og hjálpað til við afmörkuð verkefni. Sérstaklega hefur mætt á leiðsögumönnum með hreindýraveiðum sem hafa verið duglegir að safna hvers kyns sýnum úr hreindýrum á veiðitíma, til rannsókna á heilbrigði dýranna.

Kristín Ágústsdóttir
forstöðumaður

UM NÁTTÚRUSTOFUNA



Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Múlaþingi með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað, nú hluti Múlaþings aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Náttúrustofa Austurlands var aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins er að skapa fjölbreyttar rannsókn-, þekkingar- og fræðslumiðstöðvar, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi náttúrustofa um allt land.



ÁSLAUG
LÁRUSDÓTTIR

Skrifstofustjóri sinnti almennum skrifstofustörfum. Hún hafði umsjón með útgáfu og ritstjórn árskýrslu, heimasíðu, tölvumálum, bókasafni, innslætti gagna og gagnavörslu. Auk þess kom hún að ýmsum öðrum verkefnum.



ELÍN
GUÐMUNSDÓTTIR

B.Sc. náttúrufræðingur vann að vistgerðakortlagningu, annarri kortagerð og gróðurannsóknum ýmiss konar. Hún fór fæðingarorlof í apríl og sagði upp störfum í nóvember vegna búferlaflutninga.



ERLÍN EMMA
JÓHANNSDÓTTIR

M.Sc. líffræðingur hafði umsjón með vatnalífríkisrannsóknum ýmiss konar, umhverfisvöktun við álverið og á fiskeldissvæðum í Reyðarfirði. Hún kom einnig að öðrum verkefnum stofunnar, s.s. vöktun verndarsvæða o.m.fl.



GUÐRÚN
ÓSKARSDÓTTIR

M.Sc. náttúrufræðingur hafði umsjón með rannsóknum á gróðurfari, tók þátt í umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði, úttekt á vöktun verndarsvæða, rannsókn á framvindu gróðurs í lúpínubreiðum, verkefni um náttúruvernd og byggðaþróun og fjölmörgum öðrum verkefnum. Guðrún er í doktorsnámi við Háskóla Íslands og var með skert starfshlutfall á árinu.



HALLDÓR WALTER
STEFÁNSSON

Sérfræðingur hafði umsjón með vöktun og rannsóknum á fuglum. Hann tók einnig þátt í hreindýrarannsóknum.

Í stjórn Náttúrustofu Austurlands eru:

Líneik Anna Sævarsdóttir formaður og sameiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna, Gunnar Jónsson meðstjórnandi og fulltrúi Fljótsdalshéraðs og Gunnar Ólafsson ritari og fulltrúi Fjarðabyggðar.

STARFSFÓLK OG STJÓRN



HÁLFDÁN HELGI HELGASON

M.Sc. líffræðingur sinnti einkum rannsóknum á fuglum í tengslum við matsskyldar framkvæmdir og vöktun. Hálf dán situr sem fulltrúi Samtaka náttúrustofa í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar. Eins og aðrir kom hann einnig að fjölmörgum öðrum verkefnum stofunnar.



HLYNUR ÁRMANNSSON

M.Sc. líffræðingur sinnti m.a. efnisöflun fyrir strandskipulag og verkefni sem laut að náttúruvernd og byggðapróun. Einnig kom hann að öðrum tilfallandi verkefnum stofunnar. Hann lauk störfum í júlí þegar tímabundin ráðning hans rann út.



KRISTÍN ÁGÚSTSDÓTTIR

M.Sc. landfræðingur annaðist daglegan rekstur og tók þátt í mörgum verkefnum stofunnar.



RÁN ÞÓRARINSDÓTTIR

M.Sc. líffræðingur hafði um-sjón með rannsóknum á burðarsvæðum hreindýra og náttúrufræðinámskeiðinu í tengslum við gönguvíkuna í Fjarðabyggð. Einnig kom hún að ýmsum verkefnum tengdum vöktun hreindýrastofnsins sem og öðrum verkefnum stofunnar.



SKARPHÉÐINN G. ÞÓRISSON

M.Sc. líffræðingur hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróðurannsóknum.

Fastráðnir starfsmenn voru tíu fyrri helming ársins en einingus átta í árslok. Ársverk voru 8,4, auk framlags lausráðinna í afmörkuðum verkefnum. Við brottför Elínar var auglýst eftir nýjum starfsmanni og rann umsóknarfrestur út þann 10. desember. Alls sóttu 17 um starfið, en ekki var unnið úr umsóknum fyrr en á nýju ári. Margir aðrir komu að starfsemi stofunnar. Anna Karen Marinósdóttir var sumarstarfsmaður og aðstoðaði hún m.a. við sýnatökur, vettvangsvinnu, náttúrufræðiskólann og innslátt gagna. Páll Benediktsson kom að fiðrildarannsóknum og Sveinn H. Oddsson aðstoðaði við tölvumál.

Margir aðstoða við vöktun hreindýra og eru þeir helstu taldir upp hér:

Áslaug Lárusdóttir, Eiður Gísli Guðmundsson, Eiríkur Skjaldarson, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Grétar Karlsson, Hákon Hansson, Ívar Karl Hafliðason, Jóhann G. Gunnarsson, Jón I. Sigurbjörnsson, Jón Egill Sveinsson, Karitas Þorvaldsdóttir, Kári Kárason, Kolbrún Þóra Sverrisdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Marjón Pétur Benediktsson, Óðinn Logi Þórisson, Ólafur Gauti Sigurðsson, Ólafur Örn Pétursson, Páll Leifsson, Reimar Ásgeirsson, Sigbergur Ingi Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson, Skúli H. Benediktsson, Svein-Björn Valur Jóhannsson, Sveinn Ingimarsson, Sævar Guðjónsson, Tómas Kárason, Þorfinnur Hannesson, Þorsteinn Bergsson, Þuríður Skarphéðinsdóttir



VÖKTUN HREINDÝRASTOFNSINS

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra þannig að hægt sé að veita ábyrga veiðiráðgjöf. M.a. er fylgst með dreifingu á ólíkum árstímum, aldurs- og kynjahlutföllum, frjósemi, nýliðun, vetrarafkomu kálfa, dánarorsakir og líkamlegu ástandi dýranna. Gagnasöfnun er að hluta unnin í samvinnu með leiðsögumönnum með hreindýraveiðum, veiðimönnum, landeigendum innan útbreiðslusvæðis hreindýra og áhugasömum almenningi. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

MAT Á ÁGANGI HREINDÝRA

Árlega er ágangur hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi metinn og tillögur gerðar um skiptingu í ágangssvæði til Hreindýraráðs og Umhverfisstofnunar. Mat á ágangi er unnið út frá upplýsingum um dreifingu hreindýra m.a. með talningum Náttúrustofunnar og upplýsingum frá almenningi



sem tekið er við allan ársins hring. Almennungur er áfram hvattur til að tilkynna um hreindýrahópa en þátttaka þeirra er undirstaða þessarar vöktunar. Engar breytingar voru lagðar til á mörkum ágangssvæða í ár en lagt til að endurskoða þau svo og ágang á einstakar jarðir.

KÝR MEÐ GPS HÁLSKRAGA

Vöktun hreindýra með GPS tækjum hélt áfram að sanna sig sem mikilvæg og sjálfsögð tækni við vöktun og rannsóknir á dýrunum. Átak var gert í að hengja staðsetningartæki um háls hreinkúa á sem flestum veiðisvæðum seinni hluta vetrar 2020 og höfðu Ívar Karl Hafliðason og Sveinbjörn Valur Jóhannsson veg og vanda af merkingunum. Alls gengu 20 kýr með GPS senditæki árið 2020 á öllum veiðisvæðum nema veiðisvæði 5. Af þeim voru 13 virkir í árslok, þrjár kýr hafa ekkert sent frá því í byrjun sumars, tvær urðu rafmagnslausar eftir burð, ein var skotin óvart og ein drapst á burðartíma. Félag hreindýra-leiðsögumanna og leiðsögumennirnir Ólafur Örn Pétursson og Jón Egill Sveinsson kostuðu alls fjóra kraga og ásetningu þeirra á hreinkýr á veiðisvæðum 3 og 4.



HREINDÝRAVEIÐIKVÓTI

Árlegum tillögum að hreindýraveiðikvóta er skipt niður eftir aldri, kyni og veiðisvæðum. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að halda kynjahlutfalli sem næst 5-6 törfum á hverjar 10 kýr eftir veiðar að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið of miklu álagi á land. Tillögurnar eru yfirfarnar af Hreindýraráði og Umhverfisstofnun sem senda þær til umhverfisráðherra sem ákveður kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Í desember 2020 lagði Náttúrustofan til veiðar á 701 kúm og 519 törfum fyrir veiðitímabilið 2020. Það var 105 dýra fækkun frá fyrra ári. Líkt og verið hefur frá 2010 voru ekki lagðar til veiðar á kálfum fyrir veiðitímabilið 2021.



VETRARAÐKOMA KÁLFA

Í framhaldi af rannsóknum á afkomu hreinkálfa að vetri 2018-2019, sem lesa má um á vef stofunnar í skýrslunni Frumathugun á vetraraðkomu íslenskra hreinkálfa, var stefnt að því að stilla saman fengitíma- og í frjósemistalningum eftir svæðum. Þannig væri áfram hægt að fylgjast með vetraraðkomu kálfa. Talið var á svæðum 1, 2, 6, 7, 8 og 9 vorið 2020 og þær talningar keyrðar saman við fengitímatalningu frá haustinu 2019. Samanburður leiddi í ljós að dánartíðni kálfa veturinn 2019-2020 hafi verið 12% sem er töluvert lægra en undangenginn vetur (21%). Ekki reyndist hægt að nýta gögn frá veiðisvæði 6 þar sem talið var of nálægt burðartíma þegar kýr og kálfar frá fyrra sumri höfðu í einhverjum tilfellum aðskilist. Einnig var talið á fengitíma haustið 2020 en þá á veiðisvæðum 1, 2, 3, 4 og 5. Þær talningar verða svo keyrðar saman við frjósemistalningar í apríl 2021 og ætti þá að fást út vetrardánartíðni kálfa fyrir veturinn 2020-2021 fyrir þau veiðisvæði. Enn er verið að prufukeyra og fínstilla þessa aðferðafræði. Reynt verður að telja í vor fyrir miðjan apríl til að minni hætta sé á að kýr og tæplega veturgamlir kálfar þeirra hafi aðskilist.

KORTLAGNING BURÐARSVÆÐA HREINDÝRA - ÚR FLUGVÉL OG MEÐ GPS SENDUM

Burðarsvæði Snæfellshjarðar voru kortlögð 2005-2013 til þess að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á nýtingu hreindýra á hefðbundnum burðarsvæðum innan veiðisvæðis 1 og 2 (áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar). Í framhaldinu var ákveðið að halda vöktun burðarsvæða áfram í von um að geta metið hvort svæðið næst virkjunarmannvirkjum og uppistöðulónum gæti nýst hreinkúm á burðartíma eins og fyrir framkvæmdir. Gagnaöflun 2020 fór fram með sömu formerkjum og síðustu ár; myndatökum og beinum talningum úr flugvél í seinni hluta maí. Á veiðisvæði 1 var flogið yfir talningasvæðin: Kringilsárrana, Sauðárrana, Brúaröræfi, Jökuldalsheiði, Vopnafjörð og Norðausturheiðar. Á veiðisvæði 2 var flogið yfir talningasvæðin: Vesturöræfi, Fljótsdalsheiði, Undir Fellum, Múla, Suðurfell og Austurheiðar. Flestar voru kýrnar vorið 2020 á Vesturöræfum, Múla, Suðurfelli og á Norðausturheiðum.

Auk hefðbundinnar gagnaöflunar úr flugvélum nýttust GPS senditæki á fimm kúm á veiðisvæðum 1 og 2 til að afla frekari upplýsinga m.a. um hvernig hreindýr nýta burðarsvæðin. Tækin staðsetja kýrnar allt að sex sinnum á sólarhring og gefa ítarlegar upplýsingar um ferðir og dreifingu þeirra.

HEILSA OG SMITSJÚKDÓMAR Í HREINDÝRUM

Í nóvember 2020 var Náttúrustofan með í samnorrænni styrksúmsókn til Nordic Joint Committee for Agricultural and Food Research (NKJ). Verkefnið var nefnt TARANDUS (The Arctic Research Network for Diseases in reindeer related to husbandry and climate change). Markmið verkefnisins er að byggja upp norrænt tengslanet þar sem sjónum verður beint að heilsu og sjúkdómum í hreindýrum í ljósi loftslagsbreytinga. Karl Karlsson Héraðsdýralæknir og Ólöf Sigurðardóttir á Keldum koma til með að taka þátt í verkefninu.


Náttúrustofan tekur einnig þátt í rannsóknum á mögulegum áhrifum álvers á hreindýr í samstarfi við norsku Dýralæknastofnunina (Veterinærinstituttet). Verkefnið hófst árið 2019 og ráðgert er að því ljúki árið 2021. Markmiðið er að meta sjónrænt tannheilsu hreindýra út frá kjálkabeinum og mæla styrk flúors í þeim. Annars vegar voru rannsakaðir 60 kjálkar úr gagnabanka Náttúrustofu Austurlands af dýrum sem gengu í nágrenni álversins í Reyðarfirði áður en það tók til starfa. Hins vegar var kjálkum safnað úr dýrum sem veidd voru í nágrenni álvers eða drápuð vegna slysa árin 2019 og 2020. Árið 2020 tókst að safna ríflega 35 kjálkum til viðbótar þeim 20 sem söfnuðust árið 2019. Líkt og með aðrar rannsóknir á heilbrigði dýra hefði söfnunin ekki verið framkvæmanleg nema í góðu samstarfi við einstaka leiðsögumenn með hreindýraveiðum, starfsmenn sveitarfélaga, lögreglu og aðra sem tilkynna um ákeyrð eða slösuð hreindýr. Eiga allir þessir aðilar bestu þakkið skildar.

UMHVERFISVÖKTUN



VÖKTUN Í REYÐARFIRÐI VEGNA ÁLVERS ALCOA-FJARÐARÁLS

Umhverfismarkmiðun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði var haldið áfram eins og verið hefur frá 2004. Markmiðið er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn, loftgæði og búfé. Vöktunin er unnin í samstarfi við Efnagreiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (nú undir Hafrannsóknastofnun), sem sér um efnagreiningar og Eyrúnu Arnardóttur dýralækni sem sér um mat á líkamlegu ástandi lifandi búfjár. Gróður- og vatnssýnum er safnað reglulega til efnagreininga. Ástand gróðurs er metið sjónrænt og fylgst er með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu. Mælingar á vexti furutrjáa hafa einnig verið gerðar frá því áður en álverið tók til starfa. Jafnframt er fylgst með heilbrigði búfjár sem gengur í Reyðarfirði. Til viðbótar við hefðbundna vöktun á gróðri, vatni og loftgæðum eru á fimm ára fresti gerðar efnamælingar á jarðvegsvatni, krækling og burstaormum. Auk þess er þekja plantna á föstum rannsóknareitum metin og tegundir skráðar. Það var gert árið 2020 og því var vöktunin nokkuð umfangsmeiri í ár en árin á undan.



VÖKTUN Á FISKELDISSVÆÐUM Í REYÐARFIRÐI

Vöktun fór fram á eldissvæðum Laxa fiskeldis í Reyðarfirði. Megin tilgangur vöktunarinnar er að fylgjast með áhrifum laxeldis á sjávarbotn og lífríki hans, tryggja að skilgreind vatnshlot í Reyðarfirði uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fram í lögum og stuðla þannig að langtíma sjálfbærri notkun fiskeldissvæðanna. Einnig eru fuglar og selir vaktaðir (sjá nánar í kafla um fugla). Farið var í tvær vettvangsferðir og voru sýni tekin af botnseti við hámark lífmassa á einu eldissvæði. Einnig voru gerðar grunnrannsóknir á stórbörungum í fjöru á tveimur nýjum eldissvæðum áður en eldisfiskur var settur út.



EFTIRLIT MEÐ GRÓÐURREITUM Í NÁGRENNI HÁLSLÓNS

Náttúrustofan vaktar ástand gróðurs í 42 rannsóknarreitum á Vesturöræfum og í Kringilsárrana og í 30 reitum á Fljótsdalsheiði vegna hugsanlegra áhrifa Kárahnjúkavirkjunar, einkum Háslóns. Megin markmiðið er að kanna langtíma breytingar á gróðri. Í ljósi niðurstaðna úr síðustu úttekt verður lögð aukin áhersla á að kanna áhrif beitardýra og breytinga á ferðum þeirra á gróðurinn. Sumarið 2020 voru reitir á Vesturöræfum yfirfarnir og vírgrindum komið fyrir, einni í hverjum reit til þess að vernda gróðurinn innan þeirra fyrir beit. Í næstu úttekt verður gróðurframvinda innan grindanna og utan borin saman.



EFTIRLIT MEÐ GRÓÐURREITUM Á ÚTHÉRAÐI

Náttúrustofan vaktar gróður í 34 rannsóknarreitum í nágrenni Lagarfljóts og Jökulsár á Dal á Úthéraði. Með Kárahnjúkavirkjun hækkaði vatnshæð í Lagarfljóti en lækkaði í Jökulsá á Dal og fylgist stofan með breytingum sem verða á gróðri á áhrifasvæði þeirra í kjölfarið. Sumarið 2020 voru reitirnir yfirfarnir, grunnvatnsstaða í þeim mæld og ummerki um grasbíta skráð.



VÖKTUN VÁLISTAPLANTNA

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) vaktar válistaplöntur um allt land m.a. í samstarfi við náttúrustofur, Grasa-garðinn í Reykjavík og Lystigarð Akureyrar. Sumarið 2020 fór Pawel Wasowicz hjá NÍ í ferð um Austurland í því verkefni og slóst starfsmaður NA með í för. Markmiðið var að skrá fundarstaði plantna á válista og meta útbreiðslu þeirra. Að þessu sinni var farið á skráða fundarstaði ljósalyngs og súrsmæru í Borgarfirði eystri, klettaburkna á Fagurhólsmýri og svartburkna í Nesjum.

FUGLAR Á ÁHRIFASVÆÐI KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR

Frá árinu 2005 hafa valdar fuglategundir á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar verið vaktaðar. Sumarið 2020 var gerð úttekt á varpi heiðagæsa á Glúmsstaðadal, Puríðarstaðadal og með Jökulsá í Fljótsdal. Ófleygar heiðagæsir voru taldar á hluta Snæfellsöræfa. Áfram var fylgst með fjölda nokkurra andategunda á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði, auk þess sem allar tegundir vatna- og sundfugla voru skráðar á Jökulsá á Dal.

GÆSIR MEÐ SENDITÆKI

Áfram var fylgst með heiðagæsunum sem fengu GPS senditæki um hálsinn við Vesturöræfi á árunum 2017 og 2018. Verkið er hluti af vöktun á fuglalífi í kjölfar uppbyggingar Kárahnjúkavirkjunar. Það er unnið í samvinnu við Verkís og Wildfowl Wetland Trust á Bretlandi. Miklar upplýsingar hafa safnast um lífshætti, farhætti og búsvæðaval gæsanna. Vonir eru bundnar við að senditækin endist lengur en uppgefin endingartími og að gæsirnar geti þannig gefið upplýsingar um vorkomuna 2021. Í framhaldinu verður reynt að endurheimta sendana og endurnýja rafhlöðurnar svo hægt verði að setja tækin á fleiri heiðagæsir í framtíðinni.

MÓFUGLAR

Mófuglar hafa verið taldir nær óslitið á 46 föstum punktum á fimm skilgreindum rannsóknarsniðum víða um Úthérað frá árinu 2009. Talningarnar eru hluti af stærra verkefni þar sem mófuglar eru taldir víða um landið. Markmið þessara talninga er fyrst og fremst að fylgjast með breytingum á stofnstærð yfir lengra tímabil. Með verkefninu hefur byggst upp mikill gagnagrunnur um breytilegan þéttleika ýmissa tegunda mófugla milli ára og landshluta. Allar tegundir eru taldar en vöktunin beinist einkum að níu tegundum: heiðlóu, lóupræl, hrossagauk, jaðrakan, spóa, stelk, kjóa, skógarþresti og þúfutittlingi. Talningarnar hafa farið fram seinni hluta júní ár hvert. Helstu niðurstöður eru þær að meðal þéttleiki mófugla á ferkílómetra hefur haldist nokkuð stöðugur á svæðinu, eða um 70 til 100 fuglar á ferkílómetra, óháð tegundum. Að meðaltali hafa verið skráðir 82 fuglar á ferkílómetra að undanskildu árinu 2012 þegar þéttleikinn fór niður í 50 fugla á ferkílómetra. Hæstur er meðal þéttleiki á ferkílómetra hjá spóa 19 fuglar, þar á eftir lóupræll 16 fuglar og svo þúfutittlingur 9 fuglar. Töluverður breytileiki er milli ára, tegunda og rannsóknasvæða. Stefnt er að því að halda talningum á Úthéraði áfram með sama sniði, vinna frekari upplýsingar úr fyrirbyggjandi gögnum og kanna áhrif annara þátta eins og t.d. veðurfarsbreytinga.

FUGLAR



GREININGAR Á ALDURS- OG TEGUNDASAMSETNINGU SVARTFUGLA

Sumarið 2020 fengu Náttúrustofan auk tveggja annara náttúrustofa, styrk frá Umhverfisstofnun af fjármunum sem aflað er með sölu veiðikorta. Styrkurinn var veittur til verkefnis með það að markmiði að kanna hvort beita mætti kanadískri aðferðafræði við greiningar aldurs og tegunda út frá útlitseinkennum vængja þriggja svartfugla tegunda. Söfnun vængja og upplýsinga um samsetningu afla veiðimanna hafði þá þegar hafist um vorið og nú hafa fengist upplýsingar um yfir 900 fugla sem unnið verður úr í lokaskýrslu sem stefnt er að því að skila inn haustið 2021.


VÖKTUN ÍSLENSKA GRÁGÆSASTOFNSINS

Á árinu 2020 hóf Náttúrustofa Austurlands vöktun á ýmsum þáttum í lífsferli grágæsa á Íslandi sem fólust aðallega í því að kanna afkomu tegundarinnar og aldursgreiningu á sýnum sem safnað var frá veiðimönnum. Að þessu sinni var lögð áhersla á ungfjölda með varppörum og aldursgreiningu í sumarstofninum af Austur-, Norðaustur-, Norður- og Norðvesturlandi. Sýnum úr skotveiðinni um haustið var safnað úr flestum landshlutum.

VÖKTUN SJÓFUGLA OG SJÁVARSPENDÝRA VEGNA LAXELDIS Í REYÐARFIRÐI

Vöktun á lunda í Stórhólma í Reyðarfirði hófst sumarið 2020 í tengslum við umhverfisvöktun vegna reksturs Laxa fiskeldis ehf. í Reyðarfirði. Farnar voru tvær ferðir í eyjuna. Í fyrri ferðinni í lok maí var hólminn kortlagður með flygildi, snið voru tekin til að meta þéttleika lundahola í hólmanum og virkni lundahola metin út frá vegsummerkjum (t.d. krafasi og útgreftri við holuna). Auk þess var reynt að staðfesta ábúð með lagnamyndavél sem var fengin að láni hjá Fjarðalögnum. Sú vél hentaði ekki vel til verksins. Í seinni ferðinni sem farin var í júní nutu starfsmenn Náttúrustofu Austurlands aðstoðar Erps Snæs Hansen frá Náttúrustofu Suðurlands og samstarfsmanna hans. Holur sem merktar voru í fyrri heimsókn voru kannaðar aftur með lagnamyndavél sem var sérstaklega útbúin til holumyndatöku. Hún var lengri en sú sem notuð var í maí, með vel sveigjanlegum barka, hærri upplausn og innrauðum díóðum. Niðurstöður þeirrar athugunar staðfestu að stærstu leyti niðurstöður fyrri ferðar um að ábúðarhlutfall hola var lágt, en vísbending var um að erfiðara sé að meta ábúðarhlutfall nægjanlega vel nema með enn betri útbúnaði. Stórhólmi er talinn vera mikilvægt fuglasvæða vegna mikils lundavarps í eyjunni, um 11.000 pör. Frumniðurstöður Náttúrustofu Austurlands auk viðtala við staðkunnuga benda til þess að um umtalsvert ofmat sé að ræða.

FUGLAR



Þrívíddarlíkan af Stórhólma í Reyðarfirði, horft er á eyjuna úr suðvestri. Á balanum neðst á myndinni er lundavarp hvað þéttast í hólmanum.

NOTKUN FLYGILDA VIÐ TALNINGAR Á HEIÐAGÆSAHREIÐRUM

Gerðar voru tilraunir með að nota flygildi við talningar á hæðagæsaheiðrum snemmsumars við Kollseyru á Jökuldalsheiði. Markmiðið var að skoða hvort flygildi geti auðveldað talningar á vettvangi og jafnframt gefið sambærilegar niðurstöður og með hefðbundnum talningum manns sem gengur svæði og telur hreiður. Flygildi og maður voru látin fara sömu fyrirfram skilgreindu leiðina. Við úrvinnslu og talningar af myndum úr flygildum voru kannaðar þrjár mismunandi leiðir: talning af samsettri loftmyndabekju án hnitsetningar, talning af stökum loftmyndum með þekktu flatarmáli og talning af hnitsettri samsettri loftmyndabekju. Tilraunin var of smá í sniðum til að hægt sé að fullyrða mikið um hversu hentugt er að nota flygildi við heiðagæsatalningar. Helstu niðurstöður voru þó þær að nákvæmni talninga var mun meiri og áreiðanlegri af loftmyndum en fékkst með gangandi athuganda, en rúmlega tvisvar sinnum fleiri hreiður fundust með flygildi, samanborið við gangandi mann á sama svæði. Þá var vinna við undirbúning og úrvinnslu talninga með flygildi mikið tímafreakari en þegar maður gengur og telur, auk þess sem það krefst nokkuð öflugrs tölvubúnaðar. Með tiltölulega einföldum lausnum er þó raunhæfur möguleiki að nýta flygildi til þéttleikamælinga á heiðagæsum á mun stærri skala. Spannandi er að kanna betur hvaða leiðir má fara til að gera talningar af loftmyndunum sjálfvirkari og spara þannig tíma og fjármuni. T.d. með því að samtvinna vélrænt nám (e. machine learning) og stafræna myndvinnslu. Við talningar á vettvangi er einnig líklegra að veðurskilyrði, t.d. birta, úrkoma og vindhraði setji flygildi meiri takmörk en gangandi mönnum. Náttúrustofa Austurlands telur að til mikils sé að vinna með áframhaldi á tilraunum með notkun flygilda til talninga á heiðagæsaheiðrum.

VETRARFUGLATALNINGAR Í SAMSTARFI VIÐ NÁTTÚRUFRAÐISTOFUN ÍSLANDS

Árlega taka starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í reglubundinni vöktun annarra stofnana á fuglum. Vetrarfuglatalning er skipulögð af Náttúrufræðistofnun Íslands til að meta fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi á Íslandi. Þessar talningar hafa verið stundaðar frá árinu 1952. Líkt og fyrri ár töldu starfsmenn stofunnar á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði. Úrvinnsla er öll á höndum NÍ og er hægt að sjá niðurstöður og breytingar milli ára á heimasíðu þeirra.

RJÚPUTALNINGAR Í SAMSTARFI VIÐ NÁTTÚRUFRAÐISTOFUN ÍSLANDS

Náttúrufræðistofnun Íslands sér líka um vöktun íslenska rjúpnastofnsins en starfsmenn Náttúrustofu Austurlands hafa í mörg ár lagt sitt að mörkum í þeirri vöktun með talningum. Rjúpur voru taldar á Rangá og við Hrafnabjörg á Héraði í maí 2020. Auk þess aðstoðuðu starfsmenn stofunnar kollega sína frá NÍ við talningar við vegi á Úthéraði í maí þegar karrarnir eru hvað mest áberandi.

FUGLAR



FIÐRILDI OG FUGLASKOÐUN



FIÐRILDI FÖNGUÐ Í LJÓSGILDRUR

Fiðrildi eru veidd í ljósgildirur frá apríl til nóvember á þremur stöðum á Austurlandi: Í Neskaupstað, á Hallormsstað og á Jökuldal. Verkefnið hér eystra hefur staðið yfir frá árinu 2010 og er samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Páls Benediktssonar bónda á Hákonarstöðum á Jökuldal. Tilgangurinn er m.a. að skoða breytingar á fiðrildafánu vegna loftslagsbreytinga og náttúruhamfara og fylgjast með og skrásetja nýja landnema. Á árinu komu 5.574 eintök í gildruna í Hallormsstað er það tæpur þriðjungur af því sem kom í gildruna þar árið 2019. Aftur á móti veiddust um það bil helmingi fleiri fiðrildi í gildruna á Hákonarstöðum í ár samanborið við árið 2019, eða 3.962 fiðrildi. Svipaða sögu má segja um Neskaupstað en þar veiddust 5.138 fiðrildi í ár en 3.615 í fyrra.

FUGLASKOÐUN Í FJARÐARBOTNUM

Árlegur fugladagur Ferðafélags fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 9. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu fuglafræðinga á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Til að lágmarka sameiginlega snertifleti var ekki boðið upp á sameiginlega notkun á fuglaskópi á vegum stofunnar. Þess í stað mættu flestir þátttakendur með eigin sjónauka. Veðrið hefur verið misjafnt og í ár var fremur kalt, hiti undir frostmarki en flestir voru þó nokkuð vel klæddir og létu veðrið ekki stoppa sig. Á Norðfirði mættu 19 manns og samtals sáust 30 tegundir. Á Reyðarfirði mættu 8 gestir og þar sáust 24 fuglategundir. Undir lok skoðunar á Reyðarfirði varð veðrið afleitt, norðan kaldt og skall á með snjóhríð. Fugladagurinn er árviss viðburður hjá ákveðnum kjarna fuglaáhugafólks á báðum stöðum og því alltaf ánægjulegt að hittast á þessum degi. Því fleiri, því skemmtilegra og oft skapast áhugaverðar umræður um fuglaskoðanir síðustu vikna

FYRIRSPURNIR FRÁ ALMENNINGI UM UNDIR NÁTTÚRUNNAR

Minna var um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með ýmis undur náttúrunnar til greiningar á árinu. Þó er alltaf einhverjir sem gauka að okkur t.d. upplýsingum um sjaldséða fugla og blóm. Starfsmenn taka eftir sem áður góðfúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga.

FRÆÐSLA



NÁTTÚRUFRAÐINÁMSKEIÐ

Náttúrufræðinámskeið hafa verið haldin í samvinnu við Ferðapjónustuna á Mjóeyri og gönguvíkuna „Á fætur í fjarðabyggð“ frá árinu 2008. Sumarið 2020 var námskeiðið haldið dagana 22.-26. júní. Að þessu sinni tóku 11 galvaskir krakkar á aldrinum 8-12 ára þátt í námskeiðinu og óhætt að segja að áhuginn hafi verið mikill. Fuglar voru skoðaðir, fyrst á ferð innan náttúrulegra búsvæða sinna en svo aftur í meiri nánd og ró á Náttúrugripasafninu í Neskaupstað. Fjöru- og vatnalíf var tekið út á Eskifirði, vaðið eftir skeljum og sprettfiskum á Mjóeyri og háfað eftir hornsílum og vorflugulirfum í lækjum og skurðum. Valdar voru uppáhalds blómplöntur til frekari skoðunnar og pressunnar og myrkfælnin mæld í Helgustaðanámu. Krakkarnir báru mikla virðingu fyrir friðunarákvæðum á silfurberginu og flest þekktu þjóðarblómið holtasóleyjuna og maríuvöttinn, eina af einkennisplöntum Austurlands eftir námskeiðið. Einstaklingar eru aldrei betri vísindamenn en á þessum aldri og var mikið fjör og orka í þessum hóp.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Í NESKAUPSTAÐ

Náttúrustofan veitir faglega ráðgjöf og sér stundum um móttöku gesta á Náttúrugripasafninu utan hefðbundins opnunartíma. Á Safninu má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarinnar Unnar Sveinsdóttur. Safnahúsið var opið daglega frá 13:00-17:00 (júní – ágúst) og á öðrum tímum eftir samkomulagi.



DAGUR HINNA VILLTU BLÓMA

Áhugahópurinn Flóruvinnir hefur haft umsjón með Degi hinna villtu blóma, en það er samnorrænn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um gróður á svæðinu. Náttúrustofan hefur um árabil aðstoðað Flóruvinni við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði stofunnar. Árið 2020 bar blómadaginn upp á sunnudaginn 14. júní en þar sem full snemmt þótti að skoða blóm þá bauð Náttúrustofan upp á blómaskoðunarferð sunnudaginn 2. ágúst, í samstarfi við Flóruvinni. Að þessu sinni fór gangan fram í Fólkvangi Neskaupstaðar og 15 manna hópur skoðaði blóm og skráði yfir 60 tegundir æðplantna.

RANNSÓKNASTYRKIR

ÁHRIF FISKELDIS Á ÍSLANDI Á FUGLA

Náttúrustofa Austurlands fékk styrk úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis til að rannsaka áhrif fiskeldis á Íslandi á fugla. Uppbygging fiskeldis á Íslandi hefur verið hröð undanfarin ár, en áhrif sjókvíaeldis á Íslandi á fugla eru ekki vel þekkt. Mikilvægt er að rannsaka möguleg bein og óbein áhrif sem geta verið jákvæð, s.s. aukid aðgengi að fæðu og hvíldarsvæðum, eða neikvæð, s.s. truflun vegna umferðar manna og báta í tengslum við daglegan rekstur fiskeldis. Undirbúningur á vettvangi tafðist einkum vegna sóttvarnarráðstafana, en annar undirbúningur gekk sæmilega. Vettvangsvinna er ráðgerð árin 2021 og 2022.

HVÍLDARTÍMI Á FISKELDISSVÆÐUM

Starfsmenn Náttúrustofunnar taka þátt í yfirstandandi rannsókn til að meta nauðsynlega lengd hvíldartíma á fiskeldissvæðum með auknum skilning á niðurbrotshraða lífræns úrgangs. Um er að ræða samstarfsverkefni Rorum sem stýrir verkefni Náttúrustofunnar, Fiskeldis Austfjarða og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum og er styrkt af Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Rannsóknir fara fram við eldiskvíar í Berufirði og fela m.a. í sér nokkuð tíðar sýnatökur og mælingar á ástandi botnsets á eldissvæðum í hvíld.

GRÓÐURFRAMVINDA Í LÚPÍNUBREIÐUM Á AUSTURLANDI

Guðrún Óskarsdóttir hlaut styrk úr Minningarsjóði Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson í verkefni sem snýr að því að rannsaka gróðurframvindu í lúpínubreiðum á Austurlandi með það að markmiði að bæta þekkingu á vistfræði lúpínu á Austurlandi. Leitað var svara við því hvaða gróðurbreytingar fylgja útbreiðslu lúpínu, hvort hún víki með tímanum og hvaða áhrif hún hefur á jarðveg. Grunnmælingar voru gerðar á fimm svæðum á Austurlandi, sem valin voru með veðurfar, landslag, sögu lúpínu og annarra landgræðsluaðgerða eða skógrækt í huga. Svæðin voru í norðurhlíðum Hólmatinds í Eskifirði, í fjallinu ofan við Neskaupstað, á Sleðbrjótsmelum í Jökulsárhlíð, á Eyjólfsstöðum og á Buðlungavöllum sunnan Egilsstaða. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum í skýrslu sem ráðgert er að komi út árið 2021.

HELLUR Í STRAUMVÖTNUM


Erlín Emma Jóhannsdóttir hlaut styrk úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar í verkefnið „Endurheimt vistkerfa. Tilraunastofa færð út í felt notkun á hellum í vistfræðirannsóknir í straumvötnum“. Markmiðið var að kanna hvort og þá hvernig hellur og festingar eru hentugar til kerfisbundinna vistfræðirannsókna í straumvötnum þar sem mikill breytileiki er í rennsli og vatnsmagni vegna yfirfalls úr miðlunarlónum. Settar voru út tíu lausar hellur og fimm fastar hellur í Jökulsá á Dal fyrir yfirfall. Eftir yfirfall var vitjað um hellurnar en aðstæður til að leitar voru ekki góðar. Einungis fundust þrjár lausar hellur og þrjár fastar hellur. Á þeim hellum sem fundust var blaðgræna mæld. Einnig var hryggleysingjum á hellum safnað til frekar úrvinnslu síðar. Verkinu er ekki lokið, en ráðgert er að fara í annan leiðangur snemmsumars 2021 til að kanna hvort hellurnar hafi skolast burt eða einfaldlega ekki fundist.



RANNSÓKNASTYRKIR

BIRTINGARMYNDIR LOFTSLAGSBREYTINGA Á BOTNDÝRASAMFÉLÖGUM Í SJÓ

Starfsmenn Náttúrustofunnar taka þátt í gerð fræðsluverkefnis um birtingarmyndir loftslagsbreytinga á botndýrasamfélögum í sjó á Vestfjörðum og Austfjörðum. Verkið er leitt af Náttúrustofu Vestfjarða og er unnið í samvinnu við Rorum og Náttúrustofu Austurlands. Aðrir samstarfsaðilar eru Náttúruminjasafn Íslands og Menntamálastofnun. Markmið verkefnisins er að setja fram á nýstárlegan hátt rannsóknaniðurstöður og efni úr gagnagrunnum sem safnað hefur verið við rannsóknir á botndýralífi í sjó við Ísland undanfarna áratugi. Þess er vænst að efnið komi til með að nýtast nemendum, kennurum og almenningi.





VÖKTUN VERNDARSVÆÐA

Á árinu hófst verkefni sem snýr að vöktun verndarsvæða og annarra svæða sem eru undir álagi ferðamanna. Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa um landið. Verkefnið er unnið fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og hefur Náttúrufræðistofnun yfirumsjón með því. Dagana 4. og 5. febrúar var haldin vinnustofa um verkefnið í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti og tóku sex starfsmenn Náttúrustofu Austurlands þátt í þeim fundi: Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Hlynur Ármannsson, Hálfán Helgi Helgason, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson. Í framhaldi voru Guðrún Óskarsdóttir og Hálfán Helgi Helgason í vinnuhópum sem lögðu grunn að aðferðum sem lagt var til að beitt yrði við gróður- og fuglarannsóknir í verkefninu.

Náttúrustofa Austurlands sinnti vöktun á sjö svæðum á Austurlandi sumarið 2020: Í Fólkvangi Neskaupstaðar, Hólmanes friðlandi og fólkvangi, Hvannalindum, Stórurð, Stuðlagili, Hengifossi og í Laugarvalladal. Samræmd aðferðafræði og eyðublöðin voru prófuð á öllum svæðum á Austurlandi og nokkuð góð reynsla fékkst á notkun þeirra og vel kom í ljós hvað mætti betur fara og endurskoða fyrir næsta sumar. Ýmsum gögnum var safnað er varða ástand stíga s.s. um rof, myndun hentistíga og skemmdir á gönguleiðum. Gögnum var skilað í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar sem sér að mestu um úrvinnslu og birtingu.

RANNSÓKNIR VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

Náttúrustofan kom að rannsóknum á fuglum í tengslum við fyrirhugaðan vindorkugarð á Hrauni við Garpsdal fyrir vestan. Svæðið var heimsótt mánaðarlega frá ágúst til nóvember og fylgst með umferð fugla. Auk fuglalífs var gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Hrauni rannsakað í júlí, en sambærileg rannsókn fór fram sumarið 2019. Úttektin í ár var fyrst og fremst viðbót vegna breytinga á skilgreindu framkvæmdasvæði.

Ýmsar úttektir voru unnar í tengslum við vegaf framkvæmdir. Fuglalíf á Brekknaheiði tekið út sumarið 2020. Vatnalífríki Norðurdalsár, Hrafnagilslækjar og Djúpadalsár í Breiðdal var tekið út í tengslum við efnistöku vegna vegagerðar og ýmsir þættir lífríkis og náttúru á mögulegum vegarstæðum aðkomuvega fyrirhugaðra Fjarðarheiðaganga voru kannaðir. Síðasta vettvangsferð í þeim tilgangi að skoða möguleg áhrif vegagerðar á umhverfi var farin um miðjan desember þegar vistlendi á vegarstæðum vegna vegabóta á Skriðdals- og Breiðdalsvegi og á Borgarfjarðarvegi voru skoðuð.

KRÆKLINGASÖFNUN Í MJÓAFIRÐI

Kræklingi var safnað fyrir Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum á þremur stöðum í Mjóafirði: Í botni fjarðarins, undir bryggjunni í Brekkuporpi og á Dalatanga. Verkið er hluti af mengunurvöktun á lífríki sjávar við Ísland sem hefur verið framkvæmt síðan 1989. Markmið vöktunarinnar er að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR), auk AMAP (Arctic Monitoring Assessment Program). Sýnin voru send til Matís þar sem ólífræn snefilefni og þrávirk lífræn mengunarefni voru mæld í þeim. Niðurstöður hafa ekki verið birtar.

REFIR OG MINKAR

Náttúrufræðistofnun Íslands sinnir vöktun og rannsóknum á íslenska refastofninum. Þá hefur Náttúrustofa Vesturlands sinnt vöktun og rannsóknum á minknum. Mikilvægur þáttur í þeirri vöktun eru hræ sem þessum stofnunum berast frá veiðimönnum. Náttúrustofa Austurlands aðstoðar við þessa vöktun með því að taka á móti hræjum af bæði mink og ref sem komið er áleiðis til rannsókna.

GRINDHVALUR Á VILLIGÖTUM Í NORÐFIRÐI

Að morgni 22. júlí barst Náttúrustofu Austurlands tilkynning um undarlegt atferli hvals sem héldi sig á grunnsvævi innst í Norðfirði, nærri ós Norðfjarðarár. Starfsfólk Náttúrustofunnar mætti á vettvang og skoðaði dýrið sem að reyndist vera grindhvalur en grindhvalavöður höfðu sést í Norðfirði og Norðfjarðarflóa dagana áður. Hvalurinn, sem var fullorðið dýr og líkast til eitthvað slapt, var í fjöruborðinu mest allan daginn þrátt fyrir tilraunir við að koma því á meira dýpi og fjær landi. Það var ekki fyrr en Björgunarsveitin Gerpir mætti á staðinn sem að tókst að koma grindinni í skilning um að þar væri henni ekki hollt að vera. Eftir að dýrinu hafði verið stuggað úr fjörunni tókst björgunarsveitarfólki að reka það á meira dýpi og út fjörðinn. Eftir það spurðist ekki meira til dýrsins en vonandi hefur það haldið á haf út og lifir góðu lífi.



SAMTÖK NÁTTÚRUSTOFA

Samtök náttúrustofa hafa með sér samráð um ýmis mál og halda árlega aðalfund og ársþing náttúrustofa. Ekkert náttúrustofuþing var haldið í ár, en aðalfundur var haldinn rafrænt þann 29. apríl. Fyrir samtökunum fer þriggja manna stjórn þar sem forstöðumenn allra náttúrustofa eiga sæti með reglubundnum hætti. Á hverju ári gengur sá forstöðumaður sem lengst hefur setið úr stjórn og inn kemur nýr. Róbert Arnar Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands var formaður samtakanna árið 2020 og Erpur Snær Hansen, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands og Kristín Hermannsdóttir forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands voru meðstjórnendur. Heimasíða samtakanna er www.sns.is


NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS Í MIÐLUM

Á vefsíðu Náttúrustofunnar, www.na.is, er haldið utan um gagnlegar og fróðlegar upplýsingar tengdar starfi stofunnar, m.a. birtast þar flestar skýrslur sem stofan vinnur og þar eru sagðar fréttir. Stofan er líka á samfélagsmiðlum með fésbókersíðu og Instagram reikning sem hafa að einhverju leyti tekið yfir fréttahlutverk vefsíðunnar. Þar birtast stuttar og óformlegar fréttir og ýmsar upplýsingar úr starfi stofunnar. Sjónvarpsstöðin N4 gerði störfum Náttúrustofunnar skemmtilega skil í þættinum „Að austan“.




FJÁRMÁL

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofu Austurlands rekstrarárið 2020 var afkoma af rekstri jákvæð. Eigið fé og skuldir í árslok voru tæplega 119 milljónir og bókfært eigið fé var tæplega 89 milljónir. Tekjur og gjöld skiptast með svipuðum hætti og síðastliðin ár. Meiri hluti tekna stofunnar eru sértekjur (63%) og launakostnaður er langstærsti gjaldaliðurinn (83%). Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.



SKIPTING GJALDA 2020



SKIPTING TEKNA 2020

Skýrslur Náttúrustofu Austurlands má nálgast á vefsíðu hennar

Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2020). Gróður í Garpsdal og á Hrauni við Gilsfjörð. Rannsóknir vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs. Unnið fyrir Mannvit og EM Orku Náttúrustofa Austurlands, NA-200204.

Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Dr. Helga Dögg Flosadóttir, Hermann Þórðarson og Kristín Ágústsdóttir (2020). Alcoa Fjarðaál Umhverfissvöktun 2019, Skýrsla unnin af Náttúrustofu Austurlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir Alcoa Fjarðaál. Unnið fyrir Alcoa Fjarðarál. Náttúrustofa Austurlands, NA-200199.

Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2020). Gróður á Brekknaheiði. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-200198.

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2020). Rannsóknir á botnseti í sjó við hámark lífmassa á fiskeldissvæði við Bjarg í Reyðarfirði Niðurstöður nærsvæðisvöktunar (MOM B). Unnið fyrir Laxa fiskeldi. Náttúrustofa Austurlands, NA-200203.

Erlín E. Jóhannsdóttir og Hlynur Ármannsson (2020). Laxar fiskeldi ehf Umhverfissvöktun 2018 og 2019. Unnið fyrir Laxa fiskeldi. Náttúrustofa Austurlands, NA-200200.

Erlín E. Jóhannsdóttir, Hlynur Ármannsson (2020). Rannsóknir á botnseti í sjó við hámark lífmassa á fiskeldissvæði við Sigumundarhús í Reyðarfirði. Niðurstöður sniðvöktunar (MOM C). Unnið fyrir Laxa fiskeldi. Náttúrustofa Austurlands, NA-200196.

Guðrún Óskarsdóttir, Hlynur Ármannsson, Kristín Ágústsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson (2020). Náttúruvernd og efling byggða - Áfangaskýrsla úr verkhluta 1. Val og lýsing svæða. Unnið fyrir Austurbrú. Náttúrustofa Austurlands. Skýrsla er áfangaskýrsla og fær númer þegar öllum hlutum verksins er lokið.

Hálfván Helgi Helgason og Halldór Walter Stefánsson (2020). Fuglalíf á Brekknaheiði Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-200201.

Hálfván Helgi Helgason, Halldór Walter Stefánsson, Hlynur Ármannsson, Rán Þórarinsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Kristín Ágústsdóttir (2020). Fuglalíf á Hrauni á Garpsdalsfjalli og nærsvæðum. Rannsóknir vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs. Unnið fyrir EM-Orku Náttúrustofa Austurlands, NA-200195.

Kristín Ágústsdóttir (2020). Gróður, fuglar, hreindýr og lífmassi birkiskóga á áhrifasvæði mögulegra veglína á nýjum vegi um Fjarðarheiðargöng. Náttúrustofa Austurlands, NA-200205.

Kristín Ágústsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Hálfván H. Helgason og Erlín E. Jóhannsdóttir (2020). Vöktun á ágangi ferðamanna á sjö svæðum á Austurlandi sumarið 2020. Náttúrustofa Austurlands, NA-200202.

Skarphéðinn G. Þórisson, Rán Þórarinsdóttir (2020). Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2019 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2020. Náttúrustofa Austurlands, NA-200197.

ERINDI OG VEGGSPJÖLD

Lítið var um viðburði á árinu vegna ástandsins, þar af leiðandi óvenju lítið um fyrirlestra og veggspjöld.

Guðrún Óskarsdóttir (2020). Vöktun gróðurs á Snæfellsöræfum og Fljótsdalsheiði. Hrafnaping, Náttúrufræðistofnun Íslands. Garðabæ 12. febrúar 2020.

Skarphéðinn G. Þórisson (2020). Hreindýr í náttúru Íslands. Fjarnámskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands þann 12. október 2020 kl. 19:00-22:00.





Starfsstöð í Neskaupstað
Bakkavegi 5
740 Neskaupstað

Starfsstöð á Egilsstöðum
Tjarnarbraut 39b
700 Egilsstöðum

Sími 477-1774
veffang: www.na.is
netfang: na@na.is